

## Reglur Sveitarfélagsins Hornafjarðar um frístundaþjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni

### Kafli I

#### Lagagrundvöllur, markmið og ábyrgð

##### 1. gr.

###### Lagagrundvöllur

Samkvæmt 16. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir skulu sveitarfélög bjóða fötluðum börnum og ungmennum upp á frístundaþjónustu eftir að reglubundnum skóladegi þeirra lýkur. Þessi þjónusta tekur við af almennri frístundaþjónustu grunnskóla sbr. 33. gr. grunnskólalaga nr. 91/2018

##### 2. gr.

###### Markmið

Markmiðið er að fötluð börn og ungmenni á grunn- og framhaldsskólaaldri eiga kost á frístundaþjónustu yfir daginn á starfstíma skóla, í skólafríum og á prófatímum þegar hefðbundnir skóladagar eru stuttir. Auk þess er frístundaþjónusta í boði þegar starfstíma skóla lýkur að vori og þar til nýtt skólaár hefst. Þjónusta skal vera samofin annarri frístundaþjónustu. Utan starfstíma skóla skal hún sniðin að þörfum þjónustunotenda og aðstæðum hverju sinni.

Þau börn sem eiga rétt á þjónustu á grundvelli þessara reglna eiga rétt á sumarorlofi og skal tekið mið af því við gerð þjónustuáætlunar um frístundaþjónustu sbr. reglur þessar.

Frístundaþjónusta fyrir fötluð börn og ungmenni skal vera samþætt almennri frístundaþjónustu fyrir börn og ungmenni á sama aldri, þegar því verður viðkomið. Tryggja skal samfellda þjónustu yfir daginn og vinna gegn félagslegri einangrun fatlaðra barna og ungmenna. Bjóða skal upp á innihaldsríkt frístunda- og tómstundastarf í öruggu og skapandi umhverfi þar sem starfshættir einkennast af frjálsum leik og vali með það að markmiði að efla félagsfærni og sjálfstæði

##### 3. gr.

###### Ábyrgð

Þverfaglegt þjónustuteymi, undir forystu sviðsstjóra velferðarsviðs og fræðslu- og frístundasviðs, hefur það hlutverk að útfæra þjónustuna, tryggja samfellu og gæði hennar og hafa samráð sín í milli um fjárhagslega umsýslu þjónustunnar.

## Kaflí II

### *Skráning, mat á þjónustuþörf og framkvæmd þjónustu*

---

#### 4. gr.

##### *Skráning*

Skráning í þjónustuna fer fram vefsvæði frístundar. Umsækjandi skal fá staðfestingu á að skráning sé staðfest annað hvort í gegnum rafræna samskiptagátt sveitarfélagsins eða með skriflegum hætti verði því ekki komið við.

#### 5. gr.

##### *Mat á þjónustuþörf*

Frístundaþjónusta fyrir fötluð börn og ungmenni skal byggjast á metnum stuðningsþörfum fatlaðra barna og ungmenna og skal þjónustan vera hluti af einstaklingsbundinni þjónustuáætlun viðkomandi barns eða ungmennis.

Mat á stuðningsþörf skal vera unnin af umsýjnarþroskaþjálfra fjölskyldu- og félagsþjónustu í samvinnu við ungmenni eða barn og forsjáraðila enda sé slíkt mat skilgreint sem hluti af skilvirku notendasamráði. Unnið skal að því að fötluð börn og ungmenni í frístundaþjónustu fái heildstæða og samþætta þjónustu eða aðstoð.

Við mat á þjónustuþörf skal tekið mið af:

- Fyrirliggjandi greiningu á fötlun nemandans frá viðurkenndum greiningaraðilum.
- Mati á stuðningsþörf (SIS) frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.
- Mati á náms- og félagslegri stöðu nemandans, félagslegri þátttöku og líðan. iv. Óskum foreldra og nemandans að teknu tilliti til aldurs og þroska.
- Mati á heildrænni þjónustuþörf og réttindum í samræmi við 2. og 5. gr. leiðbeininga Félagsmálaráðuneytis um framkvæmd frístundaþjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni sbr. 16 gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

#### 6. gr.

##### *Framkvæmd þjónustunnar*

Starfsmenn frístundaþjónustu sinna þjónustunni sem er samþætt við aðra frístundaþjónustu eftir því sem við á.

Sérfræðingar fjölskyldu- og félagsþjónustu sinna fræðslu til starfsmanna.

Þjónustan fer fram í húsnæði Þrykkjunnar og er í boði fyrir nemendur 5-10 bekkjar frá 14:20-1600 á virkum dögum á starfstíma skóla.

Utan starfstíma skóla skal hún sniðin að þörfum þjónustunotenda og aðstæðum hverju sinni.

#### 7. gr.

##### *Gjaldskrá*

Ekki er innheimt gjald fyrir þjónustuna en gjald er innheimt fyrir síðdegishressingu í Þrykkjunni skv. gjaldskrá sem aðgengileg er á vefsíðu Sveitarfélagsins Hornafjarðar.



**8. gr.**

*Þagnarskylda*

Starfsmenn undirgangast þagnarheit varðandi upplýsingar um notanda og fjölskylduhagi hans. Þagnarskyldan helst áfram eftir að þjónustu lýkur.

**9. gr.**

*Gildistaka*

Reglur þessar taka gildi frá og með 1.1.2025

Samþykkt í fræðslunefnd 16.10.2024

Samþykkt í velferðarnefnd 18.11.2024

Samþykkt í bæjarráði 26.11.2024

Samþykkt í bæjarstjórn 12.12.2024

